



901. fundur stjórnar GSÍ, 21. ágúst 2018 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Jón B. Stefánsson, Gunnar K. Gunnarsson, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (900)

Samþykkt og undirrituð

2. Stefnumótun GSÍ

Haukur Örn fór yfir upphaf vinnu við gerð á stefnumótun GSÍ fyrir árin 2020-2025 en markmiðið er að ræða drög að þeirri vinnu á formannafundi í nóvember næstkomandi. Eggert Á. Sverrisson fór yfir niðurstöðu fundar með Þórði Hilmarsyni sem hefur veitt GSÍ ráðgjöf í verklagi við vinnuna í heild sinni. Markmiðið er að stefnan verði fullbúin fyrir Golfþing 2019 og samþykkt á þinginu. Á komandi vikum hefst vinna hjá starfsnefndum GSÍ við að svara spurningum sem lagðar hafa verið fyrir þær af stýrihópi sem leiðir vinnuna undir handleiðslu Þórðar.

3. Kynjahlutföll í mótum GSÍ

Haukur Örn fór yfir söguna og þróun reglugerða hjá GSÍ og af hverju reglugerðir endurspeglar ójöfn kynjahlutföll í sumum mótum GSÍ. Að loknum umræðum samþykkti stjórn að gera breytingar á reglugerðum sambandsins þannig að ójafnvægi milli kynja verði afnumið þar sem því verður við komið. Var laganefnd, í samstarfi við mótanefnd, falið að útfæra reglugerðarbreytingar í sem miða að þessu.

4. Evrópumeistaramót atvinnukylfinga

Ræddur var glæsilegur árangur Íslensku atvinnukylfinganna á ný loknu Evrópumeistaramóti sem haldið var á Gleneagles vellinum í Skotlandi. Forseti og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir því hvernig þátttökurétturinn kom til og með hvaða hætti unnt var að styðja keppendurna í mótinu.

5. Íslandsmótið í Vestmannaeyjum, samantekt

Almenn umræða var tekin um framkvæmd Íslandsmótsins í Vestmannaeyjum, sem þóttist heppnast vel. Fundarmenn voru sammála um að mótanefnd GSÍ gæti engu að síður tekið ýmislegt frá mótinu sem hægt væri að vinna betur að fyrir næstu ár. Mikilvægt væri að læra af þeim atriðum sem listuð hafa verið upp hjá mótanefnd GSÍ eftir mótið enda markmiðið að gera betur ár frá ári. Þá var áréttað mikilvægi þess að



GSÍ og viðkomandi golfklúbbar gerðu með sér sérstaka samninga um mótahald þar sem skyldur og ábyrgðir hvors aðila kæmu fram. Myndi slíkur samningur auðvelda utanumhald móta og framkvæmd þeirra til muna.

Önnur mál

- Eggert spurðist fyrir um fyrirhugaðar breytingar á golf.is í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf. Brynjar upplýsti stjórn um framgang mála og sagði málið vera í ferli hjá sambandinu í samstarfi við ÍSÍ og ráðgjafa hjá Advania.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:10